

Matarsóun

Nú ætlið þið að kanna matarsóun hjá verslunum og veitingastöðum á Húsavík. Farið á eftirfarandi staði og spyrjið út í hversu miklum matvælum er hent að jafnaði.

- -Gamli Baukur
- -Fosshótel Húsavík
- -H é r n a kaffihús
- -Esso
- -Olís
- -Netto
- -Mötuneyti Borgarhólsskóla

Gerið greinarmun á því sem hent er vegna síðasta neysludags, þess sem fellur til við matreiðslu og því sem viðskiptavinir klára ekki.

Komið með hugmyndir um hvernig megi draga úr sóun á þessum stöðum, rökstyðjið.



Afurð: canva/veggspjald

**Kjarni 3
Samvinnu-
verkefni**

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

[] Ég get kynnt mér stöðu matarsóunar á veitingastöðum og í verslunum.

[] Ég get sett fram hugmyndir um úrbætur.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

[] Geti tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag.

[] Geti túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði.